




Að byrja meðferð í Barnahúsi
Bæklingur fyrir börn og unglinga



Hvað er kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og unglingum?

Þegar fullorðinn einstaklingur eða eldra barn snertir eða nuddar einkastaði/kynfæri barns (typpi, klof, rass, brjóst) kallast það kynferðislegt ofbeldi. Það er líka kynferðislegt ofbeldi þegar fullorðinn eða eldra barn fær barn til að koma við kynfæri sín. Svona snertingar eru ekki í lagi.

Kynferðislegt ofbeldi er líka þegar einhver talar á kynferðislegan hátt til barns eða sýnir klámefni eða tekur kynferðislegar myndir af börnum sem ekki hafa náð kynferðislegum lögdri sem er 15 ára.

Sá sem beitir barn kynferðislegri ofbeldi er oftast kallaður gerandi því hann/hún er sá/sú sem beitir ofbeldinu og ber ábyrgð á því. Stundum hótar gerandinn barninu, meiðir eða lætur eins og kynferðislegt ofbeldi sé leikur. Sumir gerendur gefa börnum gjafir eða er góð/ur við barnið. Það er samt aldrei í lagi að snerta barn kynferðislega eða láta barn snerta sig kynferðislega þó að gerandinn reyni að láta eins og þetta sé leikur og þó að barninu finnist það jafnvel spennandi, skemmtilegt eða gott í byrjun.

Gerandinn getur verið einhver sem barnið þekkir og treystir eins og einhver úr fjölskyldunni, vinur fjölskyldunnar eða nágranni. Gerandinn getur verið einhver fullorðinn eða ungmenni.



Hversu mörg börn verða fyrir kynferðisofbeldi

Það eru mörg börn sem verða fyrir kynferðisofbeldi. Það getur komið fyrir stráka og stelpur á öllum aldri, alveg sama hvernig þau líta út, hvað þeim finnst skemmtilegt eða leiðinlegt eða hvar þau búa. Á hverju ári koma mjög börn í Barnahús. Hver sem er getur orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi og það er ekkert öðruvísi við börn sem lenda í slíku.

-0-0-0-0-0-0-0-0-0-0-0-0-0-0-0-0-

Hverjir beita börn kynferðisofbeldi?

Sumir beita börn kynferðislegu ofbeldi með því að meiða þau en fleiri snerta börn á kynferðislegan hátt sem er ekki leyfilegt. Flestir gerendur eru karlmenn en það þýðir ekki að konur geti ekki verið gerendur því stundum beita líka konur kynferðislegu ofbeldi. Það er ekki hægt að sjá á fólki hvort það er gerandi eða ekki, ekki á fötum, útliti eða hvernig fólk hagar sér. Flestir virðast einmitt vera bara mjög skemmtilegir og góðir við börnin og þess vegna treysta börnin oft gerandanum. Oftast eru gerendur ekki einhverjir ókunnugur heldur einhver sem barnið þekkir. Gerandinn gæti verið einhver úr fjölskyldunni (frændi, foreldri eða afar og ömmur) eða einhver sem barnið þekkir vel (barnfóstra, þjálfari eða nágranni).

Af hverju segja börn ekki frá ?

Stundum segir gerandinn við barnið að kynferðislegu snertingarnar séu þeirra leyndarmál. Gerandinn notar allskonar brögð til að fá barnið til að segja ekki frá. Gerandinn segir kannski að þetta sé barninu að kenna eða eitthvað slæmt gerist ef það segi frá. Stundum platar gerandinn barnið með því að segja að þetta sé eitthvað sem hann má gera og sé jafnvel eitthvað gott. Stundum segir gerandinn að barnið lendi í vandræðum eða enginn muni trúna því. Þetta eru bara brögð því gerandinn veit að þetta má ekki og vill ekki að barnið segi frá. Sum börn vilja ekki segja frá að því þau skammast sín, finnst þetta asnalegt eða eru hrædd. Þess vegna eru mörg börn sem segja ekki frá og það tekur oft langan tíma fyrir barnið að þora því. Börn vita líka ekki alltaf að það sem gerðist sé eitthvað sem þau eiga að segja frá, þeim hefur kannski verið sagt að þetta sé allt í lagi og að þetta megi. Börn eiga alltaf að segja frá kynferðislegum snertingum og kynferðislegu ofbeldi. Það hjálpar barninu að segja einhverjum fullorðnum frá til að kynferðislega ofbeldið hætti.



Af hverju gerist kynferðislegt ofbeldi ?

Það eru margar mismundandi ástæður fyrir því alveg eins og það eru margir mismunandi gerendur. En það er bara mjög erfitt að skilja af hverju sumir gera svona við börn. Það eina sem við vitum fyrir víst er að **það er aldrei barninu að kenna**. Barn getur ekki tekið ábyrgð á því sem fullorðnir eða eldri einstaklingar gera.



Hvernig getur maður séð hvaða börn hafa verið beitt kynferðislegu ofbeldi?

Þú getur ekki séð á barni hvort það hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Stundum getur þú séð að eitthvað er að ef barnið hagar sér eins og því líði illa eða segir að því líði illa. En þú getur ekki séð hvað er að. Það getur enginn séð það á þér að þú hafir orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi alveg eins og þú getur ekki séð það á öðrum heldur.

Hvernig líður börnum sem hafa verið beitt kynferðislegu ofbeldi?

Þegar barn hefur verið beitt kynferðislegu ofbeldi hefur það allskonar tilfinningar. Stundum var snertingin þannig að líkamanum leið vel. Oft eru gerendur einhver sem barnið þekkir og þykir vænt um. Sum börn hafa aðrar tilfinningar, þau geta verið mjög reið við gerandann eða hrædd við hann. Önnur börn eru með samviskubit út af því sem gerðist eða skammast sín. Allar þessar tilfinningar eru í lagi og eðlilegar. Stundum hafa tilfinningar áhrif á það hvernig við hegðum okkur. Barn sem er hrætt finnst kannski erfitt að fara sofa eða vill ekki sofa eitt eða vill alltaf vera nálægt einhverjum. Sum börn lenda í fleiri rifrildum og sum börn vilja bara fá að vera í friði. Sumum börnum líður illa lengi, löngu eftir að kynferðisofbeldið er hætt. En oft hjálpar það að tala við þann sem maður treystir, t.d. sálfræðing eða foreldra. Ef að barn er með margar óþægilegar tilfinningar þá er mikilvægt að tala um það.





Hvernig geta börn gert ef einhver ætlar að beita þau kynferðislegu ofbeldi?

Öll börn þurfa að læra að líkaminn þeirra er eitthvað sem þau eiga ein. Ef þér finnst eitthvað óþægilegt við hvernig aðrir snerta þig þá máttu alveg segja nei. Það getur verið mjög erfitt að segja nei, sérstaklega ef maður er hræddur, feiminn eða finnst þetta asnalegt. En það er líka hægt að reyna að **fara**, fara frá þeim sem vill snerta þig eða fá þig til að snerta sig. Það næsta sem er líka mjög mikilvægt er að segja frá. Segja einhverjum fullorðnum sem þú treystir frá því sem gerðist, t.d. foreldrum, kennara, afa eða ömmu. Það er mikilvægt að halda áfram að segja frá þar til einhver hlustar og hjálpar þér.

Mundu þessi þrjú atriði **NEI-FARA-SEGJA FRÁ**

Það er gott að tala við sálfræðing eða foreldri. Það hjálpar að tala um kynferðislegt ofbeldi þó að það sé erfitt. Tala, skrifa, jafnvel syngja og teikna getur hjálpað börnum sem hafa orðið fyrir kynferðislegri ofbeldi að líða betur.

Það er mikilvægt að segja fullorðnum frá svo þeir geti hjálpað.